Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 19.10.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 18. október 2017 varðandi eftirfarandi mál.

**Götuheiti**
Lagt fram tillögur nafnanefndar dags. 9. október 2017 varðandi torga- og götunöfn í Reykjavík.
*Tillögur nafnanefndar dags. 9. október 2017 samþykktar.*
*Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: tillögur nafnanefndar dags. 9. október 2017.

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Byggingarfulltrúi

# Nafnanefnd

## Fundargerð

18. október 2017

47. fundur, haldinn að Borgartúni 14, 9. október, 2017, kl. 14:30.

Á fundinn mættu: Ármann Jakobsson, Ásrún Kristjánsdóttir, Guðrún Kvaran, Borghildur Sturludóttir og Nikulás Úlfar Másson.

Þetta gerðist:

### Brynjólfsgata 1, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Borist hefur tillaga um að opið svæði vestan hússins verði nefnt Vigdísartorg.

Tillaga nafnanefndar: **Samþykkt**

### Gata sem liggur milli Þverholts og Einholts

Borist hefur tillaga um að gata sem liggur milli Þverholts og Einholts í miðjum nýbyggingarreit, verði nefnd Smáholt.

Tillaga nafnanefndar: **Samþykkt**

### Ný gata fyrir sunnan lóð Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð

Beðið hefur verið um tillögu að heiti á nýrri götu sem liggur að nýbyggingum Félagsstofnunar stúdenta, næst fyrir sunnan lóð Kennaraháskólans, sem liggur út frá Stakkahlíð, samsíða Bólstaðarhlíð.

Lagt er til að gatan verði nefnd **Austurhlíð**

### Kirkjusandur – ný gata

Beðið hefur verið um að gerð verði tillaga að nýrri götu sem liggur til suðurs frá núverandi bílastæði Kirkjusands 2, meðfram Sæbraut og samsíða Hallgerðargötu.

Lagt er til að gatan verði nefnd **Kirkjusandur**

VOTTUN HF
ÍST ISO 9001

### Bryggjuhverfi – stækkun til vesturs

Beðið hefur verið um tillögur að nöfnum fimm gatna sem fyrirhugaðar eru á núverandi lóð Björgunar.

Nefndin leggur til að í forlið verði notuð sækonungaheiti úr dróttkvæðum og þulum en þeim má meðal annars kynnast í Snorra-Eddu

Lagt er til að göturnar verði nefndar **Beimabryggja, Buðlabryggja, Endilsbryggja, Gjúkabryggja og Leifnisbryggja.**

Sjá nánari staðsetningu á meðfylgjandi korti.

### Úlfarsárdalur

Beðið hefur verið um tillögur að nöfnum fjögurra gatna í nýrri byggð sem fyrirhuguð er í Úlfarsárdal, milli Skyggnisbrautar og Leirtjarnar.

Nefndin leggur til að götur í þessum hverfishluta fái endinguna **tjörn** og forliðir hestanöfn.

Lagt er til að göturnar verði nefndar **Gæfutjörn, Jarpstjörn, Rökkvatjörn og Silfratjörn.**

Sjá nánari staðsetningu á meðfylgjandi korti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.

Nikulás Úlfar Másson
byggingarfulltrúi

VOTTUN HF
ÍST ISO 9001

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 10-12
105 Reykjavík
Sími 411 1111
Bréfsími 411 3050
byggingarfulltrui@reykjavik.is
www.reykjavik.is

# Brynjólfsgata 1



Reykjavíkurborg
Byggingarfulltrúi

# Þverholt / Einholt



Reykjavíkurborg
Byggingarfulltrúi

# Kennaraháskólinn



Reykjavíkurborg
Byggingarfulltrúi

# Kirkjusandur



# Bryggjuhverfi






Reykjavíkurborg
Byggingarfulltrúi

# Úlfarsárdalur

